

## Erlingur Ólafsson



*Erlingur Ólafsson fæddist í Miðhjáleigu, Austur-Landeyjum árið 1938. Hann fór 17 ára til náms á Selfossi, lærði bifvélavirkjun og vann hjá Kaupfélagi Rangæinga á Hvolsvelli, fyrst við viðgerðir og síðar sem yfirmaður varahlutaverslunar þeirra í samtals 27 ár. Síðan vann hann sjálfstætt við varahlutaverslun þar til hann flutti ásamt konu sinni Helgu til Reykjavíkur árið 1990.*

## Frumherjar í ferðamennsku

Erlingur Ólafsson vandi komur sínar á tímabili í Múlakot, þar sem stúlka sem síðar varð eiginkona hans, Helga Ísleifsdóttir, vann eitt sumar á gistihúsinu. „Ég er úr Landeyjum, fæddur niður í Austur-Landeyjum, og þar liðu bernskuárin, síðan flyt ég að mestu að heiman 15 ára og fer að vinna,“ rifjar Erlingur upp.

### Nær daglega í Múlakoti eitt sumarið

„Ég hef tengsl við þetta svæði frá örófi alda ef svo má segja, frá því að ég fæddist, og maður var þarna heimagangur mikill á sínum yngri árum. Konan mín sem seinna varð, hún er fallin frá núna, vann eitt sumar í Múlakoti,“ útskýrir Erlingur. „Hún var ein af elstu íbúum á Hvolsvelli, dóttir Ísleifs Einarssonar sem vann hér í kaupfélaginu. Hún bjó í húsi sem hann byggði árið 1937,“ bætir hann við.

Þær voru tvær að vinna hjá þeim þetta sumar. „Jónína Björg Guðmundsdóttir síðar húsfrú í Teigi var þarna líka, hún var úr Fljótsdal. Þær unnu við allt sem við kom gestunum og þjónustu við þá, eldamennsku, þrifu herbergin og allt saman. Maður hélt til þarna meira og minna, kom þarna daglega. Við vorum ung þá, þetta var milli 1950 og 1960. Maður gisti þarna stundum hjá kærustunni,“ segir hann.

### Guðbjörg frumkvöðull í ferðamennsku

Erlingur man vel eftir Guðbjörgu húsfreyju. „Guðbjörg í Múlakoti var virkilega glæsileg og að mínu mati frumkvöðull í ferðamennsku, hún laðaði til sín fólk þannig að þangað keyrðu

rútubílar á sumrin og þá voru fastar rútuferðir þangað á hverjum degi allt sumarið. Rútan fór frá Múlakoti til Reykjavíkur og kom svo um kvöldið til baka.“

„Fljótshlíðin er alveg óborganlega fögur. Það kom þarna fólk til að skoða sig um og Guðbjörg ræktaði þennan rosalega fallega garð. Fólk kom til að skoða hann, síðan að njóta veitinga og loks að gista. Flestir komu þá að kvöldi, svo var gíst yfir nóttina og farið í ferðir þaðan um svæðið. Þarna var óhemju starfsemi yfir sumarið og mikil ferðamennska. Þetta var sérstakt samfélag og þau algjörir frumherjar, virkilega flott hjá þeim og gaman að koma þarna,“ segir hann.

Hann man líka eftir Guðbjörgu í lysthúsinu. „Hún var náttúrulega kraftaverkamanneskja. Hún var svo natin við allt saman. Garðurinn var alveg ótrúlegur, virkilega flott gerður. Þetta var alveg einstakt. Ég man eftir að hafa séð ljósin í garðinum einu sinni, að hausti til,“ rifjar Erlingur upp.

### **Sérstakir persónuleikar**

Erlingur man eftir fleira heimilisfólki. „Óli gamli Túbals, hann var listmálari, og hann var svolítið sérstakur persónuleiki en bara ágætis kall. Þangað sóttu listamenn og dvöldu þarna, voru með Óla að mála. Hann var alltaf að mála.“

„Svo áttu þau Lára þrjú börn, þau voru ekki alheil, sérstaklega systurnar. Reynir, sonur þeirra, hann bjargaði sér vel og keyrði um allt og átti alltaf bíl. Hann hafði gaman af að fara á böll og að dansa við konur, svolítið sérstakur en skemmtilegur persónuleiki. Hann bjó einn þarna síðustu árin,“ segir Erlingur að lokum.